

Umsögn Landssamtakanna Proskahjálpar um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar. (Þingskjal 507 – 378. mál).

Íslenska ríkið skrifaði undir samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks árið 2007 og fullgilti hann 9 árum síðar, þ.e. haustið 2016 og skuldbatt sig þar með til að fara að ákvæðum samningsins og framfylgja þeim í lögum reglum og stjórnsýsluframkvæmd.¹ Í 4. gr. samningsins sem ber yfirskriftina *Almennar skuldbindingar*, segir m.a.:

1. Aðildarríkin skuldbinda sig til þess að tryggja og stuðla að því að öll mannréttindi og grundvallarfrelsi verði í einu og öllu að veruleika fyrir allt fatlað fólk án mismununar af nokkru tagi vegna fötlunar.

Aðildarríkin skuldbinda sig í þessu skyni til:

a) að samþykkja öll viðeigandi lagaákvæði og ráðstafanir á sviði stjórnsýslu og aðrar ráðstafanir til þess að innleiða þau réttindi, sem eru viðurkennd með samningi þessum,

b) að gera allar viðeigandi ráðstafanir, þar með talið á sviði lagasetningar, til þess að gildandi lögum, reglum, venjum og starfsháttum, sem fela í sér mismunun gagnvart fötluðu fólki, verði breytt eða þau afnumin,

c) að taka mið af vernd og framgangi mannréttinda fatlaðs fólks við alla stefnumótun og áætlanir,

d) að láta hjá líða að aðhafast nokkuð það sem fer í bága við samning þennan og sjá til þess að opinber yfirvöld og stofnanir vinni í samræmi við ákvæði hans,

e) að gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að útrýma mismunun vegna fötlunar af hálfu einstaklings, stofnunar eða einkaaðila. ...

Þegar aðildarríkin undirbúa löggjöf sína og stefnu við að innleiða samning þennan og vinna að því að taka ákvarðanir um stöðu fatlaðs fólks skulu þau hafa náið samráð við fatlað fólk og tryggja virka þátttöku þess, þar með talið fatlaðra barna, með milligöngu samtaka sem koma fram fyrir þess hönd.

Í samningnum eru ýmis ákvæði sem lúta sérstaklega að mannréttindum fatlaðra barna og skyldna ríkja til að veita þeim fullnægjandi viðurkenningu og vernd og til að gera viðeigandi ráðstafanir í því skyni, s.s. í 7. gr. sem hefur yfirskriftina *Fötluð börn*², 16. gr. (*Frelsi frá*

¹ file:///C:/Users/Lenovo/Desktop/Samningur%20Sp.pdf

² „1. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að fötluð börn fái notið fullra mannréttinda og grundvallarfrelsis til jafns við önnur börn. 2. Í öllum aðgerðum, sem snerta fötluð börn, skal fyrst og fremst hafa hagsmuni barnsins að leiðarljósi. 3. Aðildarríkin skulu tryggja fötluðum börnum rétt til þess að láta skoðanir sínar óhindrað í ljós um öll mál er þau varða, jafnframt því að sjónarmiðum þeirra sé gefinn gaumur eins og eðlilegt má telja miðað við aldur þeirra og þroska, til jafns við önnur börn og veita þeim aðstoð þar sem tekið er eðlilegt tillit til fötlunar þeirra og aldurs til þess að sá réttur megi verða að veruleika.“

misnotkun í gróðaskyni, ofbeldi og misþyrmingum), 23. gr. (Virðing fyrir heimili og fjölskyldu), 24. gr. (Menntun), 30. gr. (Þátttaka í menningarlífi, tómstunda-, frístunda- og íþróttastarfi) o.fl.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 10. janúar sl. segir:

Ríkisstjórnin mun styðja dyggilega við innleiðingu á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Með vísan til alls þess sem að framan er rakið hlýtur það að vekja veruleg vonbrigði og allnokkra furðu að í þingályktunartillögu um framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar sem félags- og jafnréttismálaráðherra hefur lagt fram og hér er til umfjöllunar skuli ekki vera áætlanir um framkvæmdir sem lúta sérstaklega að aðstæðum og þörfum fatlaðra barna. Þá er það ekki síður undrunarefni að í greinargerð með framkvæmdaáætluninni þar sem vísað er m.a. til alþjóðlegra skuldbindinga á sviði mannréttinda sem framkvæmdaáætlunin tekur mið af skuli ekki vera vísað til samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Í greinargerðinni segir um þetta:

„Framkvæmdaáætlunin tekur mið af samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, samningi Evrópuráðsins um vernd barna gegn kynferðislegri misneytingu og kynferðislegri misnotkun auk annarra alþjóðlegra mannréttindasáttmála sem Ísland er aðili að. Lögð er áhersla á mannréttindi og samfélagsþátttöku barna. Framkvæmdaáætlunin tekur einnig mið af þeirri þróun sem orðið hefur í þjónustu við börn og í meðferðarúrræðum barnaverndar.“

Landssamtökin Þroskahjálpar telja m.t.t. þeirra alþjóðlegu skuldbindinga sem íslenska ríkið tók á sig með fullgildingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, skyldu stjórnvalda til samráðs samkvæmt samningnum, aðstæðna, þarfa og mannréttinda fatlaðra barna og þeirra miklu hagsmuna sem í húfi eru sé óhjákvæmilegt að framkvæmdaáætlunin verði endurskoðuð. Samtökin lýsa jafnframt yfir áhuga og vilja til að taka þátt í samráði við stjórnvöld um það.

Virðingarfyllst,

f.h. Landssamtakanna Þroskahjálpar

Bryndís Snæbjörnsdóttir, formaður

Árni Múli Jónasson, framkvæmdastjóri
